

Heimsendir smáskífa.

Fyrir mitt lokaverkefni ákvað ég að gera smáskífu og reyndi að kafa djúpt og gera eitthvað sem væri kannski óþægilegt að skrifa um eða nánast yfirstrikið dramatískt en hafa það með grípandi og skemmtilegu undirspili eða mjög hlustanleg lög, það var planið allavegana.

Smáskífan eru 3 lög sem hægt er að hlusta á í röð eða frá 1-3 en ég passaði upp á það að þau virka líka ein og sér. Það er saga í gangi um einstakling sem er kominn á brúnina og hefur eiginlega misst vitið mætti segja, ég vildi ekki gera of augljóst um hvað væri nákvæmlega að gerast svo fólk getur líka myndað sér sýna eigin skoðun á hvað er í gangi eða hvernig sagan endar þótt að ég sé ekkert að fela það að þetta er um 2 elskendur sem eru á endalokum í sínu sambandi og held að margir geti tengt við það og sá tilfinningu en ég vildi taka þetta skrefinu lengra og gera þetta mjög dramatískt en samt einlægt, grípandi og fallett.

Þetta gekk ekki alveg eins og ég sá fyrir mér, ég var með þessa mynd í hausnum hvernig þetta átti að vera en ég náði aldrei almennilega að framkvæma það, nokkrar ástæður voru fyrir því, ég var að reyna semja tónlist á auðrivi hátt en ég er vanur að gera, nota hljóma og tónlist sem ég vanalega hlusta ekki á fyrir „reference“ og Jón Hilmar var dálítið að benda mér í þessa átt sem er gott og blessað og ég endaði á að gera eitt lag í þessum dúr. Annað sem spilaði stórt inn í var að ég var að reyna gera allt auðrivi tónlist en ég er vanalega að gera og það breytti vinnuflæðinu mínu og var þá smá eins og ég væri smá hamlaður út af því og eins og ég þurfti að læra vinnuflæðið upp á nýtt. Ég gaf þessu séns og reyndi en svo áttaði ég mig á því að þetta kom bara alls ekkert náttúrulega til mín, þessi tónlist, þessir hljómar og var þá einfaldlega að semja tónlist sem var bara alls ekki „ég“ eða ég tengdi bara ekkert við og það er dálítið erfitt að semja svoleiðis tónlist, sérstaklega

þegar maður er að semja þetta einn. Svo ég fór aftur í minn þægindarramma því ég er góður að vinna svoleiðis og veit hvernig ég á að vinna svoleiðis en ég reyndi samt að setja áskorun á sjálfan mig og gera t.d. lag sem er heil hljómsveit að spila þar sem ég sé í raun um allt, frá gítarspili yfir í söng, bakraddir, hljóðblöndun og texta.

Heilt yfir er ég mjög sáttur með útkomuna og viðbrögðin sem ég hef fengið við að sýna fólki lögin, ég er líka mjög þakklátur VA og Birtu fyrir að leyfa mér að gera þetta verkefni sem keyrir inn á mína styrkleika og áhugamál og lærði ég helling einfaldlega við að kafa djúpt og gera þetta sjálfur með smá aðstoð frá öðrum eyrum upp á að vera með endurgjöf eða álit frá öðrum en bara mér sjálfum sem mér finnst vera mikilvægt með svona verkefni, maður hefur ekkert alltaf rétt fyrir sér og gott að hafa önnur sett af eyrum til að aðstoða við svona verkefni, Adam Örn bróðir og Rúnar Már vinur minn aðstoðuðu mig við það. Í framhaldi af þessu gæti verið að ég gefi lögin út í náinni framtíð út á streimisveitur eins og Spotify, hver veit?